

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 56, 26. marz 1953 um mat
á frystum fiski til útflutnings.

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar komi svo hljóðandi málsgrein:

Framleiðendur frystra krabbadýra og skeldýra skulu hafa sérstök vottorð frá Fiskmati ríkisins um það, að þeir fullnægi settum skilyrðum til framleiðslu, eins og segir í kafla I og II þessarar reglugerðar.

2. gr.

Aftan við reglugerðina komi svo hljóðandi viðauki:

Reglugerð þessi tekur einnig til frystra krabbadýra, (humars og rækju) og frystra skeldýra (hörpudisks, kúfisks, kræklings o. fl.) þar sem það getur átt við.

Við mat á frystri rækju skal hafa hliðsjón af gerlagróðri vörunnar. Gerlafjöldinn sé ekki meiri en eðlilegt getur talizt við góða meðferð, og rækjan fullnægi þeim gerlafræðilegu kröfum, sem gerðar eru til slíkrar vöru í því landi, sem hún er flutt til.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 55 2. maí 1968 um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum til að öðlast gildi 1. janúar 1971, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. desember 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

3. desember 1970.

Nr. 263.

REGLUGERÐ

um alþjóðlegt fiskveiðieftirlit utan landhelgi og fiskveiðilögsögu.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. málsg. 13. gr. alþjóðasamnings um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs, er gerður var í London 24. janúar 1959, hefur Fastanefnd fiskveiða á Norðaustur-Atlantshafi gert ályktun um alþjóðlegt eftirlit utan landhelgi og fiskveiðilögsögu til þess að tryggja framkvæmd samningsins og þeirra ákvæða, sem í gildi eru samkvæmt honum.

Efni ályktunar þessarar er birt í 5.—17. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Með orðinu „samningur“ í reglugerð þessari er átt við alþjóðasamning um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs, er gerður var í London 24. janúar 1959.


Með orðinu „samningssvæði“ er átt við það svæði, sem samningurinn nær til.

Með orðinu „samningsríki“ er átt við þau ríki, sem aðilar eru að samningnum.

Með orðinu „fastanefnd“ er átt við Fastanefnd fiskveiða á Norðaustur-Atlantshafi, sem starfar samkvæmt samningnum.


3. gr.

Fáni sá, sem getið er um í 6. gr., er tvílitur, blár og gulur, og lítur hann þannig út:



4. gr.

Persónuskilríki eftirlitsmanns samkvæmt 7. gr. lítur þannig út, þ. e. íslenskt persónuskilríki, útgefið af Landhelgisgæzlunni:

 Photograph	NORTH-EAST ATLANTIC FISHERIES COMMISSION The bearer of this document	NORD-AUSTUR ATLANTSHAFS FISKVEIDINEFNDIN Handhafi þessa skirteinis:
	is an inspector duly appointed under the terms of the Scheme of Joint Enforcement of the North-East Atlantic Fisheries Commission, and has authority to act under the arrangements approved by the Commission. Issued by:	er löggitur skoðunarmaður, órnefndur undir skilmálum NORD-AUSTUR ATLANTSHAFS FISKVEIDINEFNDARINNAR um sameiginlegt eftirlit, og hefur hann vald til framkvæmda eftir samþykktum nefndarinnar. Gefið út af:
	DIRECTOR ICELANDIC COAST GUARD	FORSTJÓRA LANDHELGISGÆZLUNNAR

(framhlið)

(bakhlið)

II. KAFLI

5. gr.

Eftirlitið skal framkvæmt af eftirlitsmönnum fiskveiðieftirlits samningsríkjanna. Tilkynna skal fastanefndinni nöfn þeirra eftirlitsmanna, sem ríkisstjórnir samningsríkjanna skipa til að inna eftirlitið af hendi.

6. gr.

Skip þau, sem hafa eftirlitsmann um borð, skulu hafa við hún sérstakan fána eða veifu, sem fastanefndin hefur samþykkt, til að gefa til kynna, að eftirlitsmaður sé við framkvæmd alþjóðlegra eftirlitsstarfa. Heiti þeirra skipa, sem notuð eru í þessum tilgangi á hverjum tíma, skal tilkynna fastanefndinni, en slík skip mega annað hvort vera sérstök eftirlitsskip eða fiskiskip.

7. gr.

Sérhver eftirlitsmaður skal hafa í fórum sínum persónuskilríki, sem gefið er út af yfirvöldum heimaríkis skipsins, í því formi, sem fastanefndin hefur samþykkt, og afhent er honum við skipun hans. Skal skilríkið gefa til kynna, að hann hafi heimild til eftirlits samkvæmt þeim reglum, sem fastanefndin hefur samþykkt.

8. gr.

Með þeim takmörkunum, sem felast í ákvæðum 13. gr., skal skip sérhvers samningsríkis, sem þá stundar veiðar eða vinnslu á sjávarafli á samningssvæðinu, nema staðar, þegar því er gefið viðeigandi merki samkvæmt alþjóðamerkjakerfinu frá skipi, sem hefur eftirlitsmann um borð, nema skipið sé þá raunverulega að veiðum,

að kasta eða draga inn vörpuna, en þá skal það nema staðar þegar er það hefur lokið við að draga inn vörpuna. Skipstjóri skal leyfa eftirlitsmanni, sem má hafa vitni í för með sér, að koma um borð. Skipstjóri skal gera eftirlitsmanni kleift að framkvæma þá skoðun á afla, netum eða öðrum veiðarfærum og viðkomandi skjölum, sem eftirlitsmaður telur nauðsynlega til að staðreyna, að farið hafi verið eftir þeim fyrirmælum fastanefndarinnar, sem gilda fyrir heimaríki skips þess, sem hlut á að máli. Jafnframt er eftirlitsmanni heimilt að biðja um allar þær skýringar, sem hann telur nauðsynlegar.

9. gr.

Þegar eftirlitsmaður fer um borð í skip skal hann framvísa skilríki því, sem um getur í 7. gr. Eftirlit skal framkvæma á þann hátt, að sem minnstri truflun og óþægindum valdi. Eftirlitsmaður skal takmarka fyrirspurnir sínar við könnun þeirra staðreynda, sem máli skipta, um hvort farið hafi verið eftir þeim fyrirmælum fastanefndarinnar, sem gilda fyrir heimaríki skips þess, sem í hlut á. Við framkvæmd rannsóknar er eftirlitsmanni heimilt að óska eftir þeirri aðstoð af hálfu skipstjóra, sem hann telur sér þörf á. Skal hann semja skýrslu um eftirlit það, sem hann hefur framkvæmt, í því formi, sem fastanefndin hefur samþykkt. Honum ber að undirrita skýrsluna í návist skipstjóra, sem heimilt er að bæta við eða láta bæta við hana þeim athugasemdum, sem hann telur viðeigandi, og skal hann skrifa undir slíkar athugasemdir. Afrit skýrslunnar skulu afhent skipstjóra og ríkisstjórn eftirlitsmanns, sem senda skal afrit til viðkomandi yfirvalda í heimaríki skipsins og til fastanefndarinnar. Þegar í ljós kemur, að brotið hefur verið í bága við fyrirmæli þessi, ber eftirlitsmanni, þegar unnt er, að tilkynna það einnig viðkomandi yfirvöldum heimaríkis skipsins á sama hátt og fastanefndinni, svo og hverju því eftirlitsskipi heimaríkisins, sem vitað er um á nálægum slóðum.

10. gr.

Heimaríki skipsins skal fara eins með mál, þar sem eftirlitsmanni er sýnd mótspyrna eða vanrækt er að fara að boðum hans, sem eftirlitsmaðurinn væri þarlendur þegn.

11. gr.

Eftirlitsmenn skulu rækja störf sín á grundvelli þeirra reglna, sem skráðar eru í þessum fyrirmælum, en þeir skulu eftir sem áður lúta framkvæmdastjórn sinnna eigin yfirvalda og vera ábyrgir gagnvart þeim.

12. gr.

Samningsríki skulu taka skýrslur erlendra eftirlitsmanna, sem gerðar eru á grundvelli þessara reglna, til greina, og hefjast handa samkvæmt þeim á sama hátt og væru þær skýrslur eigin eftirlitsmanna. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki leggja samningsríki neinar skyldur á herðar um að meta meir sönnunargildi skýrslu erlends eftirlitsmanns en hún mundi njóta í heimalandi eftirlitsmannsins. Samningsríki skulu starfa saman að því að greiða fyrir lögfræðilegum eða annars konar mála-rekstri, sem rís út af skýrslu eftirlitsmanns á grundvelli þessara reglna.

13. gr.

1. Samningsríki skulu tilkynna fastanefndinni fyrir 1. marz ár hvert um fyrirhugaða þátttöku sína við framkvæmd þessara reglna á næsta ári, og fastanefndin getur gert tillögur til samningsríkja um samræmingu þátttökuaðildar hvers ríkis á þessu sviði, þ. á m. um fjölda eftirlitsmanna og skipa, sem hafa eftirlitsmenn um borð.


2. Reglur þær, sem um er getið í fyrirmælum þessum, og áællanir um þátt-

töku skulu gilda milli samningsríkja, nema þau komi sér saman um annað. Tilkylnna skal fastanefndinni um slíkt samkomulag.

Undanskilið er hér samt sem áður, að framkvæmd áætlunarinnar skal þó frestað milli tveggja samningsríkja, meðan ólokið er gerð samkomulags, ef annað hvort þeirra hefur sent fastanefndinni um það tilkynningu.

14. gr.

1. Við athugun á netum skal mæla möskva pokans með flatrí mælistíku, sem er 2 mm á þykkt og gerð úr varanlegu efni, sem ekki breytir lögun, og hafi hún hina réttu möskvastærð milli samsíða hliða, en hluti eða hlutar hennar séu fleygaðir, 2 cm á 8 cm, og merkt til mælingar þeirra möskva, sem samsíða hlutanum eða hlutanum er skotið inn í. Mynd af slíkri mælistíku með merki Landhelgisgæzlunnar lítur þannig út:



2. Réttu möskvastærðin er sú, sem ákveðin er í ályktunum fastanefndarinnar fyrir þá gerð neta, sem skoðuð er, og það svæði, sem athugunin fer fram á, og gildir fyrir heimaríki þess skips, sem í hlut á.

3. Athuga skal a. m. k. 20 samfellda möskva pokans samhliða lengdarás hans, a. m. k. 10 möskvum frá samskeytum að telja, ella eins marga og hægt er, ef þeir eru færri en 20.

4. Mælistíkan færist inn í möskvana vota til þess að mæla lengd þeirra teygðra horna á milli. Komist sá hluti mælistíkunnar, sem hefur samsíða hliðar, auðveldlega í gegnum möskva, er hann ekki of lítill. Sé eftirlitsmaður í vafa um, hvort stíkan fari auðveldlega í gegn, skal hann setja mælistíkuna á möskvann láréttan og hengja 5 kg

þunga í mælistikuna og fari hin rétta breidd hennar þá í gegn, er möskvinn ekki of lítill.

5. Skrá skal fjölda þeirra möskva, sem reynast of litlir, og vidd sérhvers möskva, sem mældur er, í skýrslu eftirlitsmanns, svo og meðalvidd þeirra möskva, sem mældir eru.

6. Eftirlitsmenn skulu hafa vald til að skoða öll net, nema þau, sem eru þurr og geymd neðan þilja.

15. gr.

Eftirlitsmaður skal festa auðkenni, samþykkt af fastanefndinni, á hvert það net, sem virðist hafa verið notað í bága við ályktanir fastanefndarinnar, sem gilda fyrir heimaríki skips þess, er í hlut á. Geta skal hann um þetta í skýrslu sinni.

16. gr.

Eftirlitsmaður má ljósmynda netið á þann hátt, að auðkennið og mál netsins sé sjáanlegt. Ef svo er gert, skal skýrt frá því í skýrslunni, hvað ljósmyndað hefur verið, og eintök af ljósmyndunum skal festa við það afrit skýrslunnar, sem sent er heimaríkinu.

17. gr.

Eftirlitsmaður skal, svo fremi að það teljist eftir atvikum framkvæmanlegt, skoða aflann og er honum heimilt að gera þær mælingar, sem hann telur nauðsynlegar, til að staðreyna, hvort og að hve miklu leyti of smáan fisk þeirra tegunda, sem verndar njóta, er að finna í þeim hluta aflans, sem skoðaður er. Hann skal gefa skýrslu um niðurstöðurnar, þ. á m. fjölda fiska, sem mældir hafa verið, og stærð þeirra, sem of smáir eru, til yfirvalda heimaríkis skips þess, sem skoðað var, svo fljótt sem auðið er.

III. KAFLI

18. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til svæðis þess, sem alþjóðasamningurinn frá 24. janúar 1959 um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs nær til.

19. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 14 30. marz 1960.

20. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er í samráði við sjávarútvegsráðuneytið, öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 14 30. marz 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, en samningur þessi hefur öðlast gildi, sbr. auglýsingu nr. 8 27. júní 1963.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. desember 1970.

Auður Auðuns.

Ólafur W. Stefánsson.